

Suðurnes, 2. september 2026

Berist til bæjarráðs

Efni: Áhyggjur af breytingum á skipulagi og fjármögnun fjarprófþjónustu á Suðurnesjum

Við undirritaðar viljum vekja athygli á ákvörðun menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins um breytingar á framkvæmd og fjármögnun fjarprófþjónustu á landsbyggðinni. Ákvörðunin felur annars vegar í sér að umsjón með prófahaldi á Suðurnesjum flyst frá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) til Þekkingarseturs Suðurnesja og hins vegar að fjármögnun þjónustunnar verður skert verulega, í því formi að fjármagn mun ekki lengur fylgja umfangi verkefnisins.

Umsjón með prófahaldi

Sú ákvörðun ráðuneytisins að flytja þjónustu við fjarnemendur var tekin án fullnægjandi tillits til hagsmuna svæðisins, notenda þjónustunnar og þeirra stofnana sem henni sinna. MSS hefur sinnt þessari þjónustu af fagmennsku og ábyrgð frá árinu 1998 og byggt upp þá þekkingu, aðstöðu og verkferla sem nauðsynlegir eru til að sinna umfangsmiklu prófahaldi. Á árinu 2025 voru haldin 1.186 fjarpróf hjá MSS, sem gerir MSS að einum stærsta prófastað landsins fyrir háskólana. Af alls 9.163 fjarprófum sem haldin voru hjá viðurkenndum prófastöðum um land allt fóru rúmlega 13% allra prófa fram hjá MSS. Þessi þjónusta krefst umtalsverðar húsnæðisaðstöðu, starfsmannahalds og þekkingar sem hefur byggst upp á 28 árum hjá MSS. Áður en ákvörðunin var tekin hafði hvorki verið leitað til MSS né Þekkingarseturs Suðurnesja um getu þeirra til að sinna þjónustunni né um þann kostnað sem henni fylgir. Tilkynningin frá ráðuneytinu barst þess í stað eftir að ákvörðun var tekin af ráðuneytinu þann 10. júní 2026 og átti að taka gildi 1. júlí 2026. Sjá viðhengi 1.

Það vekur furðu að sú þjónusta sem MSS hefur sinnt í nær þrjá áratugi skuli færð til annars aðila án þess að samráð hafi verið haft við MSS, Þekkingarsetur Suðurnesja eða þau sveitarfélög og íbúa sem þjónustan hefur þjónað. MSS hefur á þessum tíma gegnt lykilhlutverki í að efla aðgengi íbúa Suðurnesja að háskólanámi og stutt við uppbyggingu menntunar á svæðinu.

Þessi breyting snertir ekki einungis tvær stofnanir heldur einnig hátt í tvö hundruð námsmenn á Suðurnesjum sem hafa reitt sig á aðgengilega og vel skipulagða prófþjónustu í heimabyggð.

Útdeilt fjármagn í starfseminu

Samhliða því að ráðuneytið ákvað að breyta fyrirkomulagi á Suðurnesjum þá var nýtt fyrirkomulag varðandi greiðslur frá ráðuneytinu fyrir þessa þjónustu kynnt. Nýja fyrirkomulagið felur í sér að viðbótarfjármagni vegna prófahalds verður skipt jafnt á milli prófasteða óháð raunverulegum fjölda prófa eða kostnaði við þjónustuna. Þannig mun prófasteður sem sinnir um 140 prófum á ári fá sömu upphæð og prófasteður sem þjónustar tæplega 1.200 próf. Slík úthlutun

tekur hvorki mið af þjónustupörf, umfangi verkefna né þeim kostnaði sem fylgir rekstrinum, sjá viðhengi 2. Einnig segir í bréfinu að ráðuneytið muni mögulega takmarka aðra tekjumöguleika til að halda úti þessari þjónustu. Er þar líklega átt við innheimtu próftökugjalda af nemendum, sem hingað til hafa brúað það bil sem er á milli fjármagns sem fengist hefur í þjónustuna frá ríkinu og raunkostnað við fjarprófþjónustuna.

Við teljum að ákvörðun ráðuneytisins feli í sér alvarlegt misræmi milli þjónustuparfar og fjármögnunar. Ef markmiðið er að tryggja jafnt aðgengi að háskólanámi um land allt verður fjármögnun að taka mið af raunverulegri eftirspurn og umfangi þjónustunnar. Annars er hætta á að þau svæði sem hafa byggt upp öfluga og vel nýtta þjónustu verði verr sett en áður.

Beiðni til sveitarstjórnarmanna og þingmanna

Við skorum því á sveitarstjórnarmenn og þingmenn Suðurnesja að beita sér fyrir því að:

- samráð verði haft við MSS og Þekkingarsetur Suðurnesja um fyrirhugaðar breytingar og að þær verði endurskoðaðar með hliðjón af aðstæðum og þjónustupörf á Suðurnesjum.
- ákvörðun ráðuneytisins um fjármögnun fjarprófþjónustu verði endurskoðuð.
- fjármagn vegna prófahalds taki áfram mið af raunverulegum prófafjölda og umfangi þjónustunnar.
- tryggð verði fullnægjandi fjármögnun fyrir þá þjónustu sem háskólanemar á Suðurnesjum þurfa á að halda.

Menntun er ein mikilvægasta forsenda framfara og samkeppnishæfni Suðurnesja. Því er mikilvægt að ákvarðanir sem snúa að þjónustu við háskólanema byggist á málefnalegum forsendum, reynslu, raunverulegri þjónustupörf og sanngjarnri fjármögnun. Við vonumst til að þið beitið ykkur fyrir því gagnvart ráðherra og ráðuneytinu að þessi ákvörðun verði endurskoðuð og að tryggð verði sanngjörn og málefnaleg framkvæmd fjarprófþjónustu sem tekur mið af raunverulegri þjónustupörf á Suðurnesjum og tekur fullt tillit til hagsmuna námsfólks á Suðurnesjum.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum (MSS) og stjórnar Þekkingarsetur Suðurnesja,

Guðjónína Sæmundsdóttir
Forstöðumaður Miðstöðvar símenntunar á
Suðurnesjum

Hanna María Kristjánsdóttir
Forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja